



Mennta- og barnamálaráðuneytið

Reykjavík, 5. október 2022

Til skólastjórnenda sem bjóða upp á nám á framhaldsskólastigi

Í ljósi umræðu um kynferðisofbeldi í framhaldsskólum og viðbrögð við þeim vill mennta- og barnamálaráðuneytið bregðast við ákalli um bætt verklag og skýrari ramma í málaflokknum. Einstök mál sem upp hafa komið í framhaldsskólum, varpa ljósi á viðvarandi vandamál sem bregðast verður við. Skólasamfélagið allt verður að taka þessi mál föstum tókum og leita allra leiða til að gera skólana örugga fyrir nemendum, kennara og starfsfólk.

Framhaldsskólar skulu hafa heildstæða stefnu um það hvernig fyrirbyggja eigi að líkamlegt, andlegt eða félagslegt ofbeldi eigi sér stað í skólastarfi samkvæmt 33. gr. laga um framhaldsskóla. Þann 7. september 2021 sendi þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra bréf til skóla um mikilvægi þess að innan hvers skóla sé til viðbragðsáætlun til að taka á því þegar upp kemur kynferðislegt eða kynbundið ofbeldi innan skólanna. Margir skólar hafa þegar sett upp viðbragðsáætlun og starfa samkvæmt henni.

Á næstu dögum mun ráðuneytið taka tvö mikilvæg skref til að aðstoða framhaldsskóla við að innleiða viðbragðsáætlun gegn ofbeldi í sínum skólum. Ráðuneytið mun kynna fyrirmynd að viðbragðsáætlun sem skólarnir geta haft til hliðsjónar við gerð á eigin viðbragðsáætlun. Jafnframt mun ráðuneytið boða til vinnufundar með helstu hagaðilum til að rýna áætlunina og eiga gagnvirkar umræður um helstu álitamál.

Mikilvægt er að rödd nemenda heyrst í þeirri vinnu sem fram undan er og þeirra sjónarmið höfð til hliðsjónar við gerð áætlana. Stjórnendur skóla og hagsmunaaðila eru jafnframt hvattir til þess að ræða þessi málefni á sínum vettvangi og nýta til að efla umræðu, aðgerðir og vitundarvakningu í skólasamfélaginu. Markmið okkar allra er að sjá til þess að allir nemendur upplifi öryggi og að tekið sé á málum af festu.

Að lokum vil ég óska eftir því að skólastjórnendur svari eftirfarandi spurningum sem lið í upplýsingaöflun ráðuneytisins fyrir umræðuna fram undan. Miða skal við að svörin berist ráðuneytinu á netfangið mrn@mrn.is fyrir fimmtudaginn 13. október nk.

1. Er til heildstæð stefna og/eða viðbragðsáætlun sem fjallar um verklag skólastjórnenda þegar upp koma tilkynningar um kynferðislega áreitni og kynferðisofbeldi meðal nemenda? Ef svo er, er hún birt og aðgengileg með sýnilegum hætti á vef skólans? Hvenær var hún uppfærð síðast?
2. Hefur áður nefnd skýrsla starfshóps ráðherra verið rædd á vettvangi skólans með virkri aðkomu starfsfólks og nemenda?
3. Er haldin sérstök skrá yfir tilvik þegar upp kemur grunur um kynferðisbrot meðal nemenda skólans eða þegar slík brot eru tilkynnt?

Ásmundur Daðason

Ásmundur Einar Daðason mennta- og barnamálaráðherra